

# Lög

## um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um váttryggingasamstæður (reglugerðir og reglur).

### I. KAFLI

#### Breyting á lögum um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, með síðari breytingum.

##### 1. gr.

78. gr. laganna verður svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið setur reglur þar sem fram koma upplýsingar um áhættulausan vaxtaferil fyrir viðeigandi gjaldmiðla til að reikna besta mat váttryggingaskuldar vegna ársfjórðungslegra gagnaskila. Við setningu reglnanna er Fjármálaeftirlitinu heimilt að vísa til birtingar á framkvæmdarreglugerðum sem innihalda upplýsingarnar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins á ensku.

Fjármálaeftirlitið birtir upplýsingar skv. 1. mgr. á vef sínum.

##### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 87. gr. laganna:

2. tölul. orðast svo: Aðferðir við að reikna áhættulausan vaxtaferil til núvirðingar á besta mati váttryggingaskuldar skv. 2. mgr. 76. gr., þ.m.t. skilyrði þess að nota aðlögun á áhættulausum vaxtaferli vegna samræmingar, útreikninga á aðlögun vegna samræmingar og aðlögun á áhættulausum vaxtaferli vegna óstöðugleika.
- Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Málsmeðferð sem fylgja skal við samþykki á umsókn um aðlögun vegna samræmingar.

### II. KAFLI

#### Breyting á lögum um váttryggingasamstæður, nr. 60/2017, með síðari breytingum.

##### 3. gr.

Í stað orðanna „um kröfur, sem umsókn skv. 1. mgr. þarf að fullnægja“ og „byggjast“ í 8. mgr. 21. gr. laganna kemur: um ferli vegna umsóknar skv. 1. mgr.; og: byggist.

##### 4. gr.

Við 41. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið setur reglur um ferli váttryggingasamstæðu við gerð skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu og um form skýrslunnar.

Lög þessi taka þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 7. maí 2019.*